



## Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Kt. 650102-3470 – Pólgötu 2, 400 Ísafirði

Sími 456 3190 – Bréfsími 456 3113

Veff. <http://www.verkvest.is/> – Netf. [postur@verkvest.is](mailto:postur@verkvest.is)

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 136/100*

*komudagur 17.11.2008*

### Umsögn um frumvarp til laga um Háskóla á Ísafirði

Menntamálanefnd Alþingis hefur sent Verkalýðsfélagi Vestfirðinga til umsagnar frumvarp um Háskóla á Ísafirði, 46. mál, 136. löggjafarþings 2008-2009.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga telur að stofnun sjálfstæðs háskóla á Vestfjörðum sé eitt af mikilverðustu framfaramálum þessa landsfjórðungs. Engin ein ákvörðun gæti haft eins víðtæk og jákvæð áhrif í för með sér fyrir atvinnu- og búsetuhætti í héraðinu.

Samtenging atvinnulífs, rannsókna og háskólastarfsemi er hvarvetna í heiminum orðin helsta uppspretta nýsköpunar og þróunar í atvinnuháttum, hvort heldur er í Noregi, Finnlandi, Skotlandi eða Bandaríkjunum. Þessi einkenni má einnig sjá kringum þá háskóla sem starfa hér á landi. Hér hafa Vestfirðingar setið hjá garði. Með því að stofna til háskóla á Ísafirði skapast möguleikar á tengslum atvinnulífs og þekkingarsamfélags til uppbyggingar á þeim sviðum þar sem Vestfirðir hafa þegar haslað sér völl. Má þar nefna uppbyggingu þorskeldis, kræklingaeldis, veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á vistkerfi norðurslóða, sambýli manns og náttúru, búsetuþróun og á fleiri sviðum. Eru þá ónefndir möguleikar á rannsóknum og atvinnuþróun sem byggir á menningarsögu svæðisins og tengjast t.a.m. ferðaþjónustu.

Á síðustu tveimur áratugum hafa átt sér stað miklar breytingar í undirstöðu atvinnuvegi Vestfirðinga, sjávarútvegi. Annars vegar hafa aflaheimildir verið skertar. Hinsvegar hafa átt sér stað miklar breytingar í vinnslu sjávarafurða með tæknivæðingu sem fækkað hefur störfum. Ný viðreisn atvinnuvega á Vestfjörðum gæti byggst á tengingu menntunar og rannsókna við umhverfi útgerðar, fiskvinnslu og iðnaðar sem þegar er til staðar á svæðinu.

Verkalýðsfélag Vestfirðinga vill minna Alþingi Íslendinga á þá staðreynd að Ísafjörður á sér langa hefð fyrir skólalaldi fyrir sjávarútveg og iðnað, allt frá því að fyrst var settur upp stýrimannaskóli á Ísafirði um miðja 19. öld og með stofnun iðnskóla á Ísafirði árið 1905. Félagið leggur mikla áherslu á áframhaldandi þróun á sviði iðn- og tæknimenntunar og annarrar starfsmenntunar á öllum stigum. Stofnun Háskóla á Vestfjörðum er raunhæf krafa allra Vestfirðinga til eflingar byggð og mannlífi.

Ísafirði 17. nóvember 2008

Verkalýðsfélag  
Vestfirðinga  
Kt. 650102-3470